

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2598  
komudagur 8.7.2004

## Refsiréttarnefnd

---

Reykjavík, 6. júlí 2004.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 14. maí sl. þar sem óskað er eftir að refsiréttarnefnd veiti umsögn um fyrirbyggjandi frumvarp til laga um bann við umskurði kvenna, 198. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstök lög verði sett sem banni umskurð á kynfærum kvenna og að slíkt brot geti varðað fangelsi allt að 16 árum. Auk þess eru í frumvarpinu ákvæði um lögsögu, fyrningarfrest og tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda. Í greinargerð með frumvarpinu er forsendum þess og tilefni lýst. Þar er greint frá til-mælum ýmissa alþjóðastofnana um að koma í veg fyrir að slík háttsemi sé framkvæmd á kynfærum kvenna og að ýmis lönd í Evrópu hafi sett ákvæði í lög sem banni hana sökum aukins fjölda innflytjenda frá löndum þar sem umskurður tíðkast. Gerð er grein fyrir að í samræmi við þá þróun geti þess verið skamms að bíða að siðurinn berist hingað til lands og því sé nauðsynlegt að bregðast við með viðeigandi laga-setningu.

Refsiréttarnefnd gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Að gefnum þeim forsendum sem koma fram í almennum athugasemdum við frumvarpið telur refsiréttarnefnd ekki ástæðu til að gera athugasemd við lögfestingu ákvæðis sem bannar umskurð kvenna enda þótt ljóst sé að ekki hafi reynt á slík tilvik í framkvæmd til þessa.

Alvarleg brot gegn líkamlegu eða andlegu heilbrigði manna hafa almennt í íslenskum og norrænum rétti ekki verið lögfest í sérrefsilögum heldur hafa þau verið lögfest í almennum hegningarlögum. Þess má geta að Danir lögfestu á síðasta ári ákvæði sem kveður á um bann við umskurði á kynfærum kvenna. Ákvæðið var sett inn í 245. gr. a dönsku hegningarlaganna (straffeloven), sbr. breytingarlög nr. 386/2003 frá 28. maí 2003. Þar er kveðið á um að sá sem með líkamsárás, með eða án samþykkis þess sem árásin beinist að, sker burt eða fjarlægir á annan hátt ytri kynfæri kvenna, að hluta til eða öllu leyti, skuli sæta fangelsi allt að 6 árum. Í 246. gr. er svo kveðið á um að hafi atlagt sú, sem um getur í 245. gr. a, verið gróf eða hafi hún haft í för með sér alvarlegar afleiðingar eða leitt til dauða geti refsing orðið allt að 10 ára fangelsi. Á frummálinu hljóða ákvæðin svo:

§ 245 a. Den, som ved et legemsangreb med eller uden samtykke bortskærer eller på anden måde fjerner kvindelige ydre kønsorganer helt eller delvis, straffes med fængsel indtil 6 år.

§ 246. Har et legemsangreb, der er omfattet af § 245 eller § 245 a, været af en så grov beskaffenhed eller haft så alvorlige skader eller døden til følge, at der foreligger særdeles skærpende omstændigheder, kan straffen stige til fængsel i 10 år.

Refsiréttarnefnd telur, að virtri þeirri löggjafarhefð á sviði refsiréttar sem tíðkast hefur í íslenskri og norrænni refsilöggjöf, að heppilegra væri að refsíákvæði af þeim toga sem frumvarpið fjallar um væri að finna í almennum hegningarlögum. Væri þá hægt að hafa hliðsjón af hinni dönsku lagasetningu sem að framan er rakin. Ákvæðið gæti t.d. komið inn í hegningarlög sem 218. gr. a og núverandi ákvæði 218. gr. a yrði 218. gr. b. Jafnframt yrði að gera breytingar á nógildandi 218. gr. a þannig að það tæki einnig til hins nýja ákvæðis. Með þessu fyrirkomulagi yrði 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins óþörf.

Að öðru leyti gerir refsiréttaruefnd eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.: Vísað er til þess sem að framan er sagt en auk þess leggur nefndin til ákveðnar orðalagsbreytingar. Í stað orðanna „stúlku eða konu“ í ákvæðinu væri rökréttara og heppilegra að nota orðið „kvenmanns“ og myndi sá texti sem á eftir kemur breytast í samræmi við það. Með því væri gætt samræmis við t.d. 216. og 223. gr. hgl. Þá telur nefndin að réttara væri að orða málsliðinn „með því að fjarlægja hluta þeirra“ á eftirfarandi hátt: „með því að fjarlægja þau að hluta eða að öllu leyti“. Sjá til hliðsjónar 245. gr. a dönsku hegningarlaganna.


Um 2. gr.: Í ákvæðinu er lagt til að refsilögsaga verði rýmkuð á þann hátt að íslenskum ríkisborgurum verði refsað fyrir að fremja umskurð á kynfærum kvenna í öðru ríki þrátt fyrir að sú háttsemi sé ekki refsiverð eftir lögum þess ríkis. Það er meginregla samkvæmt íslenskum rétti að ekki verður refsað fyrir háttsemi sem framin er af íslenskum ríkisborgurum utan íslenska ríkisins nema háttsemin hafi einnig verið refsiverð eftir lögum þess ríkis þar sem hún er framin. Meginregla þessi er í 5. gr. almennra hegningarlaga. Í 6. gr. hegningarlaga eru ákveðnar undantekningar frá meginreglunni en þar er refsilögsagan rýmkuð í ákveðnum tilvikum. Þess má geta að Danir rýmkuðu refsilögsöguna á þann hátt er frumvarp þetta gerir ráð fyrir þegar 245. gr. a dönsku hegningarlaganna var lögfest með því að bæta nýrri málsgrein við 7. gr. dönsku hegningarlaganna, sem er sambærileg 5. gr. almennra hegningarlaga. Ekki eru í greinargerð með frumvarpi því, sem hér um ræðir, færð viðhlítandi rök fyrir þeirri reglu sem lýst er í 2. gr. frumvarpsins. Nefndin telur æskilegt að frekari umræða færi fram áður en slík breyting yrði gerð. Ef niðurstaðan yrði að gera slíka breytingu og lögfesta reglu sem rýmkar refsilögsöguna í þessum tilfellum telur nefndin að hún ætti heima í almennum hegningarlögum með þeim refsilögsögureglum sem þar er kveðið á um.

Um 3. gr.: Í greininni er lagt til að fyrningarfrestur brota samkvæmt frumvarpinu hefjist daginn sem brotþoli nær 14 ára aldri. Hér er um sömu reglu að ræða og gildir um fyrningarfrest tiltekinna kynferðisbrota gegn börnum, sbr. 1. mgr. 82. gr. hgl. Réttara væri að leggja hér til breytingu á síðari másl. 1. mgr. 82. gr. hgl. þannig að verknaður samkvæmt hinu nýja refsíákvæði um bann við umskurði á kvenmanni, sem

samkvæmt áliti refsiréttarnefndar ætti að vera í hegningarlögunum sjálfum, félli þar undir.

Um 4. gr.: Ákvæðið gerir ráð fyrir að þeir sem stöðu sinnar og starfa vegna hafa afskipti af málefnum barna tilkynni til barnaverndarnefndar vitneskju um umskurð á stúlkum. Tilkynningarskylda við þessar aðstæður er þegar lögfest með skýrum hætti í IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. Refsiréttarnefnd telur að árétting þessarar skyldu sé óþörf í sérákvæði.

f.h. refsiréttarnefndar,

A handwritten signature in black ink, reading "Róbert R. Spanó". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Róbert R. Spanó, formaður